

„Þú stendur of nálægt boltanum“ sagði kennarinn. „Hvað meinar þú? Á ég að standa svona“ spurði nemandinn eftir að hafa fært líkamann örlítið fjær kylfuhánum. „Nei“ sagði kennarinn. „Þegar þú ert búinn að slá.“

Ef ykkur finnst þessi brandari gamall þá er það rétt því hann birtist í golfblaðinu Kylfingi árið 1937 og er sennilega einn elsti golfkennarabrandari landsins.

Saga golfkennara á Íslandi hefst 15. janúar árið 1935 og til ársins 1970 var engin framför í golfkennslu á Íslandi þar sem öll kennsla bæði úti og inni fór fram þannig að nemendur slógu af mottu í net. Það er ekki fyrr en löngu síðar sem þetta breytist til batnaðar og allar götur síðan hefur golfið á Íslandi verið í framför. Annað sem hefur einnig verið í mikilli þróun er allur útbúnaður fyrir íþróttina.

Eftirfarandi brot úr grein birtist í Kylfingi árið 1939 og lýsir hún útbúnaðinum eins og hann var á fyrstu árum golfíþróttarinnar.

„Áhöldin eru poki, kylfur og boltar. Í byrjun er nægilegt að hafa eina kylfu með tréhaus, teigkylfu eða „driver“ eins og hún kölluð, eina kylfu með járnhaus og einn „putter“, þ.e. smákylfu til þess að slá boltann með á flötinni og í holuna. Hver kylfa kostar 15-45 kr., eftir merki og gæðum og getur með góðri meðferð enst ævilangt. Poki undir kylfurnar og boltana kostar 12-100 kr., eftir gæðum. Boltarnir eru hvítir og nokkuð þungir, eftir stærð, um 4 cm. Í þvermál. Þeir kosta 1 til 2 kr. hver, eftir gæðum. Tygi, bæði þollar og gummí, fást fyrir fáa aura“

Já, það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan.

En það var í nóvember 1934 að tveir lækningar sem höfðu dvalið ytra um lengri tíma, höfðu mikinn áhuga á að stofna golfklúbb á Íslandi. Þetta voru þeir Gunnlaugur Einarsson og Valtýr Albertsson.

Það var boðað til fundar á Hótel Borg með mönnum sem þóttu líklegir stuðningsmenn, þann 14. desember 1934 og varð þá Golfklúbbur Íslands, síðar Golfklúbbur Reykjavíkur til. Það fyrsta sem var rætt og samþykkt á þessum stofnfundi var að ráða hingað golfkennara sem gæti gefið ráð varðandi uppbyggingu á golfvelli, byggingu golfskála og hvernig vær best háttað að kenna umgengi, þáttöku í mótum og fleira er varðaði félagslíf íþróttarinnar.

Þá var haft samband við Walter Arneson sem starfaði í Danmörku á þessum tíma. Það voru þeir Sveinn Björnsson sendiherra og síðar forseti Íslands og Hermann Jónsson ráðherra sem höfðu veg og vanda af komu hans.

Walter Arneson kom til landsins 12. janúar 1935 og hófst kennsla þegar í stað og kennt var innandyrna í húsnæði sem Hermann Jónsson hafði útvegað. Walter Arneson var með í ráðum um hirðingu á golfvelli og einnig aðstoðaði hann við alla uppbyggingu. Hann kom með tillögur varðandi alla kappleiki og aðstoðaði við þá framkvæmd.

Árið 1935 var Golfklúbbur Akureyrar stofnaður.

Walter var fenginn norður til uppbyggingar golfvallarins og til að taka að sér golfkennslu klúbbsins. Var hann mættur norður 28. ágúst 1935 og kenndi frá morgni til kvölds í 3 vikur og var mjög óheppinn með veður eins og allir aðkomumenn sem Akureyri sækja.

Eftirfarandi auglýsing birtist í Kylfingi í ágúst 1935.

„Stjórn Golfklúbbs Íslands hefur tekið á leigu húsnæði í Mjólurfélagshúsinu til kennslu og æfinga. Einnig má nota herbergin sem funda-og skrafstofur. Húsaleiguna hyggst stjórnin fá með því að leggja kr. 0.50 auka gjald á hverja kennslustund sem þar fer fram og taka 3 kr. á mánuði af hverjum þeim sem æfir sig utan kennslustunda í herbergjunum. Golfkennarinn kemur heim aftur um næstu mánaðamót og geta menn pantað tíma hjá formanni og gjaldkera klúbbsins. Er óvíst hve lengi kennarinn verður hér til að hjálpa klúbbum og félögum hans og er því rétt að nota nú tækifærið. Kennsla byrjar strax og kennarinn kemur. Æfingar geta menn byrjað nú þegar.“

Miðvikudaginn 29. júlí 1936 var haldið kveðjusamsæti fyrir Walter Arneson golfkennara sem daginn eftir ætlaði að fara alfarinn af landi brott. Samsætið var haldið í klúbbshúsinu og stóð fram á nótt. Ræður fluttu þeir Sigurður Eggerz fyrir Golfklúbb Akureyrar og Gunnlaugur Einarsson formaður Golfklúbbs Íslands. Báðir þökkðu þeir Walter fyrir frábær störf í þágu golfíþróttarinnar á Íslandi.

Walter þakkaði fyrir sig og gaf góð ráð.

Walter Arneson var með kennslu hjá Golfklúbbsi Íslands til 9. maí 1937 og hélt þá til Akureyrar og var þar fram í miðjan júní en kom þá aftur til Reykjavíkur og kenndi til 30. júní en þá yfirgaf hann landið.

15. janúar 1938 kom nýr golfkennari til landsins til að kenna hjá Golfklúbbsi Íslands. Það var Rube Arneson bróðir Walter Arneson. Var von til að hann myndi dvelja hér á landi mikinn hluta ársins. Voru hengd upp net og bornar inn mottur í nýja klúbbshúsið. Einnig var send út tikynning um að nú væri innanhúsgolfkennsla byrjuð í skálanum. Þar stóð m.a. „Lærið golf á veturnar og spilið á sumrin“

Rube var eins og Wally (Walter Arneson), einn af bestu og þekktustu golfkennurum, ekki aðeins á Norðurlandanna, heldur einnig í hinum menntaða golfheimi.

Rube bauð upp á golfsýningar og kynnti blaðamönnum aðstöðuna og leikinn. Hann kenndi á Akureyri í 2-3 vikur og kom aftur til Reykjavíkur og aðstoðaði Golfklúbb Íslands með hönnun á betri velli í Lágumýri. Mánudaginn 12. september tók hann sér frí. Hann var nefnilega að gifta sig og sú heppna var íslensk blómarós að nafni Klara Friðfinnsdóttir.

Rube Arneson fór til Vestmannaeyja og var þar við kennslu. Hann dvaldi í Eyjum í 10 daga og kenndi á hverjum degi frá 8.30 til 22.30. Arne fékk matinn sendan inn í dal og varð að borða hann standandi eins og færakallarnir á skútunum.

Í viðtali við Rube Arneson í Seattle Post-Intelligencer 7. mars 1939 kom m.a. fram að blaðamaðurinn trúði ekki Arneson að golf væri stundað hér á hjara veraldar, Íslandi. Arne sagði þá við blaðmanninn að hann skildi alveg hugrenningar hans því Ísland hljómaði ekki eins og mikið golfland en hér væru tveir golfklúbbar annar, Golfklúbbur Íslands með 132 meðlimi og hinn norður undir heimsskautsbaug með 42 meðlimin og var þá Rube að sjálfsögðu að tala um Golfklúbb Akureyrar. Rube nefndi einnig það að innan skamms færi hann í 10 tíma siglingu til lítillar eldfjallaeyju við Íslandsstrendur en þar væri hann að fara að aðstoða við uppbyggingu 6 .holu vallar fyrir 14 meðlimi.“ Þetta hljómar fارانlega, ekki satt“ spurði Rube þá blaðmanninn. „ Á Íslandi búa ekki Eskimóar eins og ég hélt þegar ég yfirgaf Bandaríkin“ „Veðrið er milt og aðeins hefur snjóað í 8 daga þennan vetur og í byrjun mars voru 52 kylfingar að spila í Reykjavík“

Rube Arneson endaði síðan viðtalið með því að gantast með það að hann væri að kenna innandyra og væri mikið að gera, yfir 60 nemendur. Eina vandamálið væri að íslenska króna væri ekki „worth a dam“ og ekki væri hægt að skipta henni í erlendan gjaldeyri.

Rube Arneson útbjó síðan umræddan 6 holu völl í Vestmanneyjum og 7. og 8. grínið eru þar með elstu grínstæði á landinu. Um haustið 1939 flutti Rube Arneson til Ameríku.

Þetta sama haust var ákveðið að hætta að kynda golfskálann í Lágumýri og ákváðu menn þá að taka hús á leigu í Reykjavík. Eftir langa leit að hentugum stað var ákveðið að leigja tvær samliggjandi hlöður við Fríkirkjuveginn. Þá var hafist handa við að þrifa hlöðurnar. Veggir voru þvegnir, gólf sópuð og þegar upp var staðið minnti ekkert á fyrri not nema lyktin. Golfmeistarar klúbbsins sáu um kennsluna um veturinn en kennslustundin kostaði 2 kr.

Þessi aðstaða var ekki mikið notuð og menn fundu því til foráttu að húsnæðið væri í eigu Góðtemplarastúku Íslands og því ekki mjög „golfvæn“.

Árið 1960 gáfu þeir bræður Walter og Rube Arneson, Golfklúbbi Reykjavíkur silfurskjöld. Jafnframt óskuðu þeir bræður þess að keppt yrði um skjöldinn árlega og að nöfn sigurvegaranna yrðu grafin á hann. Keppt var í fyrsta sinn um skjöldinn þann 25. september sama ár. Þrátt fyrir leiðinda veður voru keppendur 24 að tölu. Ánægjulegt var að sjá meðal keppenda „öldungana“ Ólaf Gíslason, Halldór Magnússon, Halldór Hansen, Ásgeir Ólafsson og Magnús Kjaran. Tveir síðast nefndu voru nemendur Walters og Rube þegar þeir voru golfkennarar hjá klúbbnum. Sigurvegari fyrsta mótsins var Ólafur Ágúst Ólafsson á 77 höggum nettó.

Eftir nokkur mögur ár án golfkennara braust stríðið út og það eina jákvæða við það var að til landsins kom golfkennari að nafni Robert Waara en hann kom til landsins í febrúar 1943.

Robert var fæddur í Detroit, Michican í Bandaríkjunum. Þegar Robert var 9 ára gerðist hann kylfusveinn í heimaborg sinni og jafnframt byrjaði hann að leika golf er færi gafst.

Árið 1933 tók hann að stunda golfkennslu og síðan árið 1936 hefur hann verið meðlimur í P.G.A. of America og frá 1933 hefur hann kennt golf hjá tveimur golfklúbbum í Detroit. Fyrst hjá Western Golf and Country Club og síðan við Meadowbrook Country Club til ársins 1940. Þá var Robert innritaður í herinn þar sem hann er nú undirforingi að tign.

Robert starfaði að jafnaði 8 mánuði við golfkennslu og 4 mánuði sem sölumaður hjá Walter Hagen Golf co. Hann var góður spilari og skólameistari í sínum skóla, Redford High School. Robert lék Öskjuhlíðarvöllinn best á 66 höggum og 9 holurnar best á 30 höggum.

Árið 1944 var stofnaður Golklúbbur Ísafjarðar en aðal hvatamaður að stofnun klúbbsins var Dr. Baldur Johnsen og voru stofnendur 20 talsins. Dr. Baldur var kosinn formaður klúbbsins.

Fyrir tilhlutan GSÍ fór Róbert Waara til Ísafjarðar og kenndi mönnum grunnatriðin og seinna fór Robert aftur vestur ásamt Helga H. Eiríkssyni og mældu þeir og skipulögðu 3 holu völl. Þetta var árið 1944.

Kennslu var haldið uppi í Austurstræti 12 í Reykjavík og var eftirspurn eftir kennslu svo mikil að ógerningur reyndist að sinna öllum þeim kennslubeiðnum sem bárust enda var tími kennarans takmarkaður. Kennsluna annaðist eins og árið áður, Robert Waara og voru allir mjög ánægðir með hans störf.

Þessi tilkynning birtist í Kylfingi.

„Hinn vinsæli golfkennari Robert Waara hefur gengið að eiga Ólafíu Sigurbjörnsdóttur fyrrverandi golfmeistara Reykjavíkur.

Þau eru farin til Ameríku og vér árum brúðhjúonunum allra heilla og vonum að þeim verði afturkomu auðið til Íslands til lengri eða skemmri dvalar“.

Íslandsmótið 1944 var haldið á Völlum í Skagafirði. Þessi völlur var gerður leikhæfur á einni viku af Helga H. Eiríkssyni.

Robert Waara spilaði sem gestur á þessu landsmóti. Lék Robert völlinn best á pari eða 72 höggum sem var mjög góður árangur enda völlurinn í lengra lagi.

Róbert aðstoðaði við að setja staðarreglur fyrir völlinn.

Ein reglan hljóðaði þannig:

„Ef bolti fellur í tað eða mykju á vellinum má taka hann upp og láta falla skv. St. Andrews reglum“.

Vorið 1945 var Robert Waara kallaður heim og var kennaralaust það sem eftir var ársins.

Árið 1946 réð Golfklúbbur Íslands til sín Gerald Trecher golfkennara. Var hann við kennslu og aðstoðaði við vallarskipulag bæði í Reykjavík og á Akureyri. Var minna um kennslu á Akureyri sökum þess að hann var þar um mánaðarskeið og gerði völlinn kláran fyrir Landsmót 1946. Þetta sama ár fengu Akureyringar úthlutað nýju landi fyrir golfvöll og var vallarstæðið vestan Þórunnarstrætis sunnarlega skammt vestan við listigarðinn. Akureyringar töluðu um mikið happ að fá Gerald Trecher til GA til að skoða landið. Hann talaði um að á þessu landi væri hægt að gera besta og skemmtilegasta völl á Íslandi ef ekki í allri Evrópu og má segja að með þessu hafi norðlenski hrokinn byrjað.

Gerald var einn mánuð í Vestmannaeyjum við kennslu.

Gerald kenndi við Golfklúbb Akureyrar árið 1947 eða þar til að klúbburinn réði til sín skoskan kennara að nafni James Carter. Carter byrjaði með innanhús kennslu í apríl fram í maí en hvarf þá af landi brott. Hann bar við veikindi heima fyrir og hvaðst þó koma aftur sem varð því miður ekki af.

Gerald Trecher kom þeim því til aðstoðar í stuttan tíma um sumarið en mesta vinnan fór í að segja fyrir verkum á vellinum. Þetta gerði hann óumbeðið og var því lítið um kennslu. Af kennslumálum þessum urðu einkum leiðindi og mikill kostnaður en lítið gagn.

Árið 1948 var hér golfkennari að nafni William Collingson en Ólafur Bjarki Ragnarsson faðir Ragnars Ólafssonar hjá Golfklúbbi Reykjavíkur var meðal annars nemandi hjá honum.

Árið 1949 voru tveir golfkennarar að kenna á landinu. Þetta voru þeir William Collington hjá Golfklúbbi Reykjavíkur og Mc Crae hjá Golfklúbbi Akureyrar en sá síðar nefndi sá einnig um hirðingu vallarins fyrir norðan.

Árið 1950 starfaði hér golfkennari að nafni Gustafus Kirkham Faulkner. Hann var fæddur árið 1893 sonur byggingaverkamanns sem bjó í Walton-on-the-Hill í Surrey á Englandi sem er mjög nálægt hinum fræga Walton Heath golfvelli.

Árið 1910 eða þegar Gustafus var 17 ára sótti hann um að verða aðstoðarmaður hjá James Braid sem var fimm faldur Open Champion meistari. Hann varð 7. aðstoðarmaðurinn á Walton Heath profession og varði mestum tíma í framleiðslu og viðgerðir á kylfum.

Í enda fyrri heimsstyrjaldarinnar var Gustafus Faulkner atvinnumaður, fyrst hjá Bexhill í Sussex. Eftir það fór hann til Pennard í Wales og þaðan til Bramley í Surrey. Hann var fyrsta flokks kylfingur og kylfuframleiðandi. Gustafus vann nokkra titla árið 1920 og kom til greina í Ryder Cup liðið en var síðan ekki valinn. Hann dó árið 1976.

Árið 1951 starfaði hér golfkennari hjá Golfklúbbi Reykjavíkur að nafni G. Christie. Hann var englendingur og mikið ljúfmenni.

Árið 1952 kom Gustafus Faulkner aftur til starfa hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Hann starfaði hjá klúbbnum í um 6 vikur og var mikið að gera hjá honum. Þetta var dýrt og mikill kostnaður fyrir klúbbinn. Árið 1951 sigraði sonur hans, Max (Herbert Gustavus Max Faulkner) British Open og jafnframt lék hann fimm sinnum með Ryder Cup liði Evrópu. Hann sigraði einnig þrisvar sinnum á opna spánska meistaramótinu.

Árið 1963 auglýsti GSÍ eftir golfkennara í breskum fjölmiðlum og bárust nokkrar fyrirspurnir. Fyrir valinu varð Robert Bull og kom hann hingað til lands í apríl og hóf kennslu hjá Golfklúbbi Reykjavíkur og Golfklúbbi Vestmannaeyja.

Golfklúbbur Akureyrar óskaði eftir leyfi fyrir Magnús Guðmundsson til að leiðbeina byrjendum á Akureyri.

Frá 1952 til 1960 var ekki mikið um starfandi golfkennara á landinu. Robert Bull og Norman Wood voru einu erlendu golfkennararnir sem störfuðu hér en íslenskir afreksmenn í golfi voru einnig við kennslu.

T.d. var Kári Elísasson rakari mjög fróður um golf en hann var áskrifandi að erlendu golfblaði og kom með mjög marga fróðleiksmola úr því blaði.

Benedikt Hákonarson fór í klippingu og rakstur til Kára og fór þaðan með mörg mjög góð ráð varðandi sveifluna. Benedikt hélt út á völl til að prófa þessi góðu ráð frá Kára en ekki gekk mjög vel því þetta voru allt of mörg ráð í einu. Benedikt ákvað að næst ætlaði hann aðeins að fá rakstur hjá Kára því þá fengi hann færri ráð sem hann myndi þá muna þegar út á völl væri komið.

4. mars 1964 er golfklúbbur Suðurnesja stofnaður og má til gamans geta að völlurinn er í landi Stóra Hólms sem er gamalt höfuðból sem á landnámsöld hét Hólmur og var numið af Steinunni gömlu frænku Ingólfs Arnarsonar fyrsta landnámsmanns Íslandssögunnar. Ingólfur er sagður hafa gefið frænku sinni megnið af Reykjanesinu og henni þó búsaeldarlegast þarna í Leirunni enda var þar um langan aldur ein aðal verstöð á Íslandi. Túnið sem nú er leikið golf á er búið að vera í rækt í yfir 1000 ár og þar sem 2. teigurinn var á gamla vellinum var öskuhaugur Steinunnar gömlu.

Árið 1969 starfaði kennari hér að nafni Norman Wood en árið áður höfðu nokkrir kylfingar úr Golfklúbbi Reykjavíkur farið til Skotlands til að spila Turnberry völlinn þar í landi. Þeir reyndu að fá aðal kennara klúbbsins til Íslands til að kenna en vegna anna sendi hann aðstoðarmann sinn Norman Wood. Hann kom tvisvar til landsins til að kenna og var látið mjög vel að störfum hans sem og persónuleika.

Norman Wood var einnig mjög góður spilari. Hann sigraði einu sinni á Evróputúrnum eða á Italian Open árið 1972. Hæst skein frægðarsól hans þó þegar hann lagði Lee Trevino 2-1 í einliðaleik á Ryder Cup 1975.

Árið 1969 var róið lífróður hjá Golfklúbbi Reykjavíkur. Klúbburinn stóð mjög illa fjárhagslega og var Norman Wood fenginn til starfa til að laða að nýja meðlimi. Meðal annars var hringt í eiginkonur og börn meðlima sem flestir voru karlmenn en undirritaður var þar á meðal.

Þorvaldur Ásgeirsson golfkennari fæddist 15. mars 1917 í Kálfholti á Rangárvöllum. Hann hóf að kenna golf hjá Golfklúbbi Íslands árið 1968 og er einn af eftirminnilegustu golkennurum íslensku golfsögunnar. Þegar Walter Arneson var hér á landi að kenna golf gaf faðir hans honum tvo tíma hjá kennaranum. Þorvaldur nýtti sér þetta góða tækifæri og þá var ekki aftur snúið. Á þessum árum kostaði 100 kr. að gerast meðlimur í Golfklúbbi Íslands og ársgjaldið var 50 kr.

Þorvaldur var með inniæfingar í íþróttahúsinu í Garðabæ og kenndi golf eftir amerísku aðferðinni en aðal munur á bandaríska golfinu og því evrópska var að sögn Þorvaldar að framsveiflan var öðruvísi, hægri höndin kemur seinna yfir þá vinstri.

Þorvaldur gerði tímamótasamning við skoska golfvörufyrirtækið John Letter en þá var Þorvaldur annar atvinnumaðurinn sem gerði slíkan samning við hið skoska fyrirtæki en þeir höfðu á þessum árum um 200 atvinnumenn á samningum úti um allan heim á sínum snærum. Þetta þótti því mikill heiður fyrir Þorvald Ásgeirsson á þessum tíma.

Þorvaldur kenndi golf til 4. október 1988 en veiktist þá um kvöldið og þau veikindi drógu hann til dauða. Hann lést 14. október 1988.

Í þessari frásögn er stiklað á stóru varðandi sögu golfkennara á Íslandi. Eftir 1970 hefur golfkennurum fjölgað stöðugt og áhugi á golfíþróttinni aukist ár frá ári. Golfvöllum fjölgar ört enda mikil þörf á, því færri komast að en vilja. Hingað til hefur ekki verið mikið um menntaða golfkennara en með PGA golfkennaranáminu sem hófst á Íslandi fyrir rúmum tveimur árum, fjölgar þeim verulega sem verður til þess að íslenskir golfíþróttamenn verða betri sem aldrei fyrr.

Heimildir þessarar ritgerðar eru fengnar að miklu leiti úr golfblaðinu Kylfingi frá þessum árum. Einnig fékk ég heimildir úr Morgunblaðinu og Telegraph frá UK. Einnig veitti Guy Faulkner, barnabarn Gustavus Kirkham Faulkner mér upplýsingar um afa sinn og pabba. Kristín Þorvaldsdóttir veitti mér upplýsingar um föður sinn Þorvald Ásgeirson og sendi mér myndina sem prýðir forsíðuna.